



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1299

FUNDARBOÐ

1299. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
24. september 2019 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1902203 - Skýrsla bæjarstjóra 2019

Sævar Freyr Práinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 27. ágúst 2019.

2. 1907054 - Höfði - viðauki 2019

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 13. september síðastliðinn viðauka 1 við Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili. Viðaukinn er lagður fram til staðfestingar í bæjarstjórn í samræmi við reglur um gerð viðauka við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar.

3. 1909087 - SSV - Haustþing 2019

Bæjarstjórn Akraness þarf að tilnefna varafulltrúa á haustþing SSV í stað bæjarfulltrúa Gerðar Jóhönnu Jóhannsdóttur sem er í tímabundnu leyfi.

4. 1909102 - Innheimtumál

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 12. september 2019 tillögu um verklag varðandi innheimtu hjá Akraneskaupstað sem felur í sér útvistun.

5. 1901203 - Aðalskipulag Skógahverfi - breyting

Á fundi Skipulags- og umhverfisráðs 16. september s.l. var tekin fyrir tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 þar sem gert er ráð fyrir stækkun skólalóðar Skógahverfis, stofnanasvæðis S 16, til norðurs á kostnað íbúðarsvæðis Íb 13B. Tillagan er sett fram á breytingablaði dags. 13.9.2019. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019 og 26. ágúst 2019.

Þar sem breytingin á ekki við meginatriði aðalskipulagsins, hefur hvorki áhrif á nágretta eða aðra lóðarhafa né á umhverfið umfram óbreytt skipulag telst hún óveruleg með vísan í ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Afgreiðsla bæjarstjórnar skal auglýst.

6. 1906112 - Deiliskipulag Skógahverfi 2. áf. - breyting á skipulagsmörkum.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs 12. september s.l. var tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Skógahverfis, sem samþykkt var 17. apríl 2007.

Á breytingablaði 03 dags. 13.9.2019 er gert ráð fyrir að norðurhluti deiliskipulags 2. áfanga Skógahverfis verði felldur úr gildi. Mörk niðurfellingar eru norðan Akralundar 41,

Fjólulundar 9-13 og Álfalundar 26. Unnið er að endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins með breyttum skipulagsmörkum (áfangi 3A).

Kynningarfundur um tillögurnar var haldinn 14. júní 2019 og 26. ágúst 2019.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. 1905357 - Deiliskipulag Skógarhverfi 4.áf.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs 12. september s.l. var tekin fyrir tillaga Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags. 13.9.2019 að 4. áfanga Skógahverfis milli Asparskóga og Þjóðbrautar, skipulagsuppdráttur og greinargerð, þar sem gert er ráð fyrir fjölbýlishúsabyggð með 89-126 íbúðum. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019 og 26. ágúst 2019.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 1908199 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3B

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs 12. september s.l. var tekin fyrir tillaga Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags. 13.9.2019 að deiliskipulagi skólalóðar Skógahverfis, svæði S 16 í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017, deiliskipulagsáfanga 3B. Tillagan er sett fram í greinargerð og á breytingablaði dags. 13.9.2019. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019 og 26. ágúst 2019.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðir til kynningar

9. 1901022 - Fundargerðir 2019 - Faxaflóahafnir

Fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 20. september 2019.

10. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3383. fundargerð bæjarráðs frá 12. september 2019.

11. 1901006 - Fundargerðir 2019 - velferðar- og mannréttindaráð

110. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 18. september 2019.

12. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

113. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 17. september 2019.

13. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

126. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 16. september 2019.

14. 1901010 - Fundargerðir 2019 - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

100. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis frá 2. september 2019.

15. 1901021 - Fundargerðir 2019 - Orkuveita Reykjavíkur

277. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 19. ágúst 2019.

278. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 26. ágúst 2019.

Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.